

Fundargerð

Árið 2024, föstudaginn 22. mars kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til rafræns fundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Friðjón Einarsson, Hrunn Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson, og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Elvari Björnssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 23. febrúar 2024

Lögð var fram til samþykktar fundargerð ráðgjafarnefndar frá 23. febrúar 2024.

Fundargerð frá 23. febrúar 2024 var samþykkt með framlögðum breytingum.

2. Málsókn – Reykjavíkurborg

Áfrýjun til Hæstaréttar

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs greindi frá því að Hæstiréttur samþykkti umsókn ríkislögmans, f.h. íslenska ríkisins, um leyfi til að áfrýja dómi héraðsdómi beint til Hæstaréttar án viðkomu í Landsrétti. Áætlað að málflytningur verði fyrir áramótin.

3. Sameiningar sveitarfélaga (vinnureglur á grundvelli a-liðar reglna nr. 782/2020, frá 12. mars 2021)

Uppreikningur viðmiðunarfjárhæða vinnureglna

Lagðar voru fram vinnureglur um úthlutun framlaga á grundvelli a-liðar 1. gr. reglna nr. 782/2020 vegna undirbúnings og framkvæmd sameiningar sveitarfélaga frá því í mars 2021.

Lögð var fram tillaga að hækkan viðmiðunarfjárhæða framlaganna og samþykkti nefndin að hækka viðmiðunarfjárhæðirnar með eftirfarandi hætti:

	Vinnureglur frá 2021	Framlag uppreiknað
Könnun á hagkvæmni		
sameiningartillaga til tveggja sveitarfélaga	10.000.000	12.500.000
hvert sveitarfélag til viðbótar	2.500.000	3.100.000
Kynning á sameiningartillögu		
Fast framlag	2.000.000	2.500.000
Á hvern íbúa	1.000	1.240
Framkvæmt atkvæðagreiðslu		
Fast framlag	400.000	500.000
Á hvern íbúa	500	620
Hámark skv. 2.gr.	50.000.000	62.000.000

Beiðni um viðbótarframlög – Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Vesturbyggð, dagsett 28. desember 2023. Fram kemur í erindinu að kostnaður við undirbúning tillögu að sameiningu sveitarfélaganna hafi farið fram úr upphaflegri áætlun sem nam 19,2 m.kr. en gert sé ráð fyrir að hann verði nær 32 m.kr.

Ástæður aukins kostnaðar má að mestu leyti reka til nýrrar reglugerðar um íbúakosningar. Ráðgjafar sveitarfélaganna þurftu að leggja mikla vinnu í samstarf við ráðuneytið varðandi umsagnir um nýja reglugerð sem og að skipuleggja nýja framkvæmd við kosningafyrirkomulag. Gert er ráð fyrir að sú vinna muni nýtast öðrum sveitarfélögum við framkvæmd íbúakosninga.

Ráðgjafarnefnd samþykkti á fundi sínum 28. apríl 2023 framlag að fjárhæð 17,4 m.kr. í samræmi við vinnureglur sjóðsins um framlög vegna undirbúnings og kostnaðar við framkvæmd sameiningarinnar. Lagt er til að framlagið verði hækkað úr 17,4 m.kr. í 21,7 m.kr. í samræmi við ákvörðun nefndarinnar um hækkun viðmiðunarfjárhæða framlaganna.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að samþykkja hækkun á viðbótarframlaginu úr 17,4 m.kr. í 21,7 m.kr.

4. Útgjaldajöfnunarframlag 2024 (reglugerð 1088/2018)

Endurskoðuð áætlun framlaga 2024

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu önnur áætlun útgjaldajöfnunarframlaga ársins 2024. Samkvæmt áætluninni er lagt til að til úthlutunar komi 15.000 m.kr. samkvæmt A-hluta og 800 m.kr. samkvæmt B-hluta eða samtals 15.800 m.kr. Áætlunin er með uppfærðum viðmiðum er liggja til grundvallar að útreikningi framlaga.

Forsendur við enduráætlaða úthlutun A-hluta framlaganna er eftirfarandi:

- Áætlun um fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2024.
- Áætlun um fjölda nýbúa í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2024.
- Upplýsingar um fjölda þéttbýliskjarna og íbúafjölda þeirra í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2024.
- Uppfærðar tölur um fjölda íbúa 1. janúar 2021, 2022, 2023 og 2024 vegna íbúafækkunarframlaga.
- Hámarkstekjur í hverju sveitarfélagi eru miðaðar við forsendur útreiknings endanlegra tekjujöfnunarframlaga ársins 2023 vegna tekjuskerðingar.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að gera engar athugasemdir við áætlunina og leggur til við ráðherra að samþykkja 2. áætlun útgjaldajöfnunarframlaga ársins 2024 að fjárhæð 15.800 m.kr.

5. Verklagsreglur

Lagðar voru fram reglugerðir um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, reglugerð um framlög vegna yfirfærslu grunnskóla og reglugerð um framlög um framlög vegna fatlaðs fólks. Fjallað var um ákvæði þar sem gert er ráð fyrir að settar séu verklagsreglur á grundvelli reglugerðanna.

Ákveðið að fjalla frekar um málið á næstu fundum nefndarinnar.

YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLA

6. Almenn framlög vegna reksturs grunnskóla (reglugerð nr. 351/2022)

Endurskoðuð áætlun framlaga 2024

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu önnur áætlun almennra grunnskólaframlaga ársins 2024. Gert er ráð fyrir að 14.600 m.kr. verði úthlutað í almenn jöfnunarframlög ásamt leiðréttingum að upphæð 60 m.kr. vegna ársins 2022, sem er lokauppgjör ársins, á grundvelli endanlegs útsvarstofns ársins 2022. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema því 14.660 m.kr. á árinu 2024.

Áætlunin tekur tillit til laga nr. 157/2019 um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, er kveður á um að framlög til þeirra sveitarfélaga þar sem heildarskatttekjur eru a.m.k. 50% umfram landsmeðaltal þ.e. útsvar og fasteignaskattur á hvern íbúa miðað við fullnýtingu þeirra tekjustofna, skulu falla niður. Í stað útsvarstofns frá fyrri áætlun frá því í október er nú miðað við áætlaðan útsvarstofn frá desember 2023 og í stað íbúafjölda frá 1. júlí 2023 er nú miðað við íbúafjölda frá 1. janúar 2024. Áætluð framlög til sveitarfélaga sem verða fyrir skerðingu fara til annarra sveitarfélaga samkvæmt útreiknuðu innbyrðis skiptihlutfalli.

Eftirfarandi forsendur eru lagðar til grundvallar við útreikning enduráætlaðra framlaga ársins 2024:

- Upplýsingar um fjölda nemenda í öllum skólum landsins miðað við september 2023.
- Upplýsingar um skólagerð.
- Upplýsingar frá Hagstofu Íslands um fjölda íbúa á aldrinum 6-15 ára í hverju sveitarfélagi. Miðað er við 1. janúar 2024.
- Upplýsingar frá ríkisskattstjóra um endanlegan útsvarstofn sveitarfélaga vegna tekna 2022 og áætlun um útsvarstekjur sveitarfélaga á árinu 2023.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja almenn jöfnunarframlög 2024 að fjárhæð 14.660 m.kr.

YFIRFÆRSLA FATLAÐS FÓLKS

7. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Norðurþing – aðgengismál (3. gr. rgl. 280/2021)

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Norðurþings, dags. 7. mars 2024, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði. Sótt er um vegna tveggja framkvæmda:

Sambýlið Pálsgarður, endurnýjun á rampi við aðalinngang sambýlisins og bætt sér merkt bílastæði fyrir íbúa í hjólastól.

Borgarhólsskóli, uppsetning á hjólastólalyftu/palli til að bæta aðgengi að listgreinastofum og matsal skólans.

Samanlagður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna er 10.708.842 kr.

Sótt er um á grundvelli c. liðar 2. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 5.354.421 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlög að fjárhæð 5.354.421 kr. vegna framkvæmdanna.

Framlög vegna langtímaleigusamninga 2024 - (b. liður 2. gr. rgl. 280/2021)

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 19. mars 2024, varðandi framlög vegna langtímaleigusamninga ársins 2024 ásamt úthlutun framlaganna.

Jöfnunarsjóður greiðir framlögin til sveitarfélaga vegna jöfnunar kostnaðar af langtímaleigusamningum sem ríkið gerði við Brynju hússjóð ÖBÍ og fleiri aðila áður en málefni fatlaðs fólks voru flutt frá ríki til sveitarfélaga.

Útreikningur framlagsins tekur mið af því að sett er viðmið um eðlilegt leiguverð fyrir slíkt húsnæði og er mismunur raunverulegs leiguverðs og viðmiðsins bættur úr Jöfnunarsjóði með framlagi.

Viðmið við útreikningana tekur mið af leiguverði að fjárhæð 3.759 kr. á m². Mismunur leiguverðs og viðmiðunarleiguverðs er 2.552 kr. á m². Framlagið reiknast til 9 sveitarfélaga/þjónustusvæða vegna 22 fasteigna með langtímaleigusamninga.

Heildarframlagið vegna þessarar jöfnunaraðgerða árið 2024 nema að fjárhæð 89.583.138 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja áætlun um framlög vegna langtímaleigusamninga ársins 2024 að fjárhæð 89.583.138 kr.

8. Leiðrétting á framlag

Almenn framlög vegna fatlaðs fólks

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá sveitarfélagi þar sem óskað var leiðréttingar á framlögum vegna notanda á kostnaðargrunni fyrir árið 2023. Samkvæmt erindinu varð starfsmanni velferðarþjónustu sveitarfélagsins á að skrá kostnað upp á 5. m.kr. þegar raunkostnaður hefði á árinu numið 68,4 m.kr. Framlög vegna viðkomandi reiknuðust 4.002.348 kr. vegna ársins.

Lagt er til að framlög með notandanum vegna ársins 2023 verði leiðrétt, en þó um mun þess sem hefði reiknast með viðkomandi ef tekið hefði verið tillit til SIS-A flokks viðkomandi og þeirra framlaga sem reiknuð voru með endanlegri áætlun 2023. Leiðrétt framlög yrðu samkvæmt þessu 11.357.372 kr. og leiðréttingin 11.357.372 kr. – 4.002.348 kr. = 7.355.024 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja leiðréttingu á framlagi að fjárhæð 7.355.024 kr.

9. Breytingar á úthlutunarreglum almennra framlaga vegna fatlaðs fólks

Frestað til næsta fundar.

10. Framlög vegna skólamáltíða í grunnskólum

Umræða

Umræður um möguleg framlög vegna skólamáltíða í grunnskólum.

11. Ferð ráðgjafarnefndar 2024

Stefnt að því að fara í árlega ferð ráðgjafarnefndar í byrjun júní. Ákveðið að heimsækja sveitarfélög á Norðausturlandi. Ákveðið að drög að dagskrá verði lögð fram á fundi nefndarinnar í apríl.

12. Næsti fundur

Föstudaginn 19. apríl.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 11:49.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir